

1862.

22. febrúar.

**11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrirvaldanna á Íslandi, um sölu á kirkjujörðinni Eyríksstöðum.**

Út af bænarskrá þeirri, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 21. októberm. f. á. hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins, þóknazt 16. þ. m. allramildilegast að veita leyfi til, að eignarjörð Skeggjastaða brauðs, Eyríksstaðir í Jökuldals og Hlíðar hrepp í Nordurmúlasýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, sé seld ekkjunní Guðrúnu Gunnlaugsdóttur fyrir 3500 ríkisdala kaupverð, á þann hátt, að þriðjungur kaupverðsins að minnsta kosti sé greiddur undir eins, en tveir þriðjungar þess megi vera óborgaðir, ef fyrir heim sé sett fyrsta veð í jörðinni, og greitt af 4 af hundræði í vöxtu á ári; en fyrir þann hluta kaupverðsins, sem þegar verður greiddur, skuli keypt ríkisskuldabréf, er svarað sé af 4 af hundræði í vöxtu, og hljóði upp á Skeggjastaða brauð.

Þetta skal yður kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því, og gjörð ytarlegri rádstafanir í því efni.

22. febrúar. **12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun prentunarkostnaðar fyrir alþingistíðindi.**

Af bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 13. septemberm. f. á., er dómsmálastjórninni kunnugt orðið, að eigi hefir orðið miðlað málum í úgreiningi þeim, er reis milli yfirstjórnenda stiptsprentsmiðjunnar og forseta alþingis þess, er haldið var árið 1859, Jóns Guðmundssonar, setts málaflutningsmanns við yfirdóminn, útaf borgun eptirstöðvanna af prentunarkostnaði alþingistíðindanna það ár, er hann enn hefir færzt undan að ávísa eptirstöðvum þessum, sem eru 705 rdl. 21 sk., úr jarðabókarsjóði Íslands með öðrum alþingiskostnaði, og hefir hann haft það til síns máls, að minnka beri upphæð þessa að minnsta kosti um